



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rauðaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
Greinargerð leikskólastjóra	3
Ytra mat	6
Viðhorfskönnun starfsmanna	6
Viðhorfskönnun foreldra	6
Viðhorfskönnun barna.....	7
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	7
Símenntun í leikskólanum 2019 – 2020	8
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
Foreldrasamvinna.....	9
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
Innra mat	13
Lyng	13
Lauf.....	16
Hreiður.....	18
Fylgiskjöl	26
Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	26
Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	28
Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	30
Fylgiskjal 4 – Umsókn um B-styrk vegna vinnu við menntastefnu	31
Fylgiskjal 5 - Endurmat barna	33



Leiðarljós leikskólans:

„**Það er leikur að læra**“ (eftir Guðjón Guðjónsson). Börnin læra í gegnum leik, hreyfingu og skynjun á eigin forsendum bæði í frjálsum leik sem og skipulögðum verkefnum.

Einkunnarorðin okkar eru:

Gleði: jákvæðni, umhyggja, vinátta, bros, hrós

Virðing: kurteisi, tillitssemi, vinátta, hlustun, skilningur

Sjálfstjórn: þolinmæði, reglur, vinátta, umburðarlyndi, jafnvægi

Greinargerð leikskólastjóra

Aðaláherslur okkar í Rauðaborg eru velferð og líðan barnanna og foreldra þeirra. Það sem okkur finnst skipta öllu máli eru góð samskipti, virðing, alúð, skilningur og gleði. Með þessa þætti að leiðarljósi teljum við að börnunum geti liðið vel, þau geti lært og dafnað. Við leggjum mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og er það að okkar mati helsta forsenda þessa að barninu líði vel hjá okkur. Okkur þykir vænt um þær umsagnir foreldra um leikskólann okkar að þar eigi sér stað gott foreldrasamstarf.

Leikskólastarfið gekk vel, þrátt fyrir erfiða stöðu í starfsmannamálum en ekki tókst að full manna leikskólann fyrr en í jan '19. Það sem einkenndi nýja starfsmenn frá áramótum var mikill áhugi, elja og dugnaður, því gekk aðlögun nýrra starfsmanna mjög vel. Í janúar og febrúar fóru þrír starfsmenn í langtímaveikindi og óska ég þeim góðs bata og vona að þær nái heilsu sem fyrst. Allar áætlanir stóðust þó þær hafi farið aðeins seinna af stað en áætlað var. Það má þakka frábærum hópi starfsamanna og ekki síst þeim sem hafa unnið saman til margra ára við að byggja upp og hlúa að starfinu í Rauðaborg. Starfsandinn í leikskólanum hefur verið góður og hefur einkennt af jákvæðni og góðum samskiptum.

Barnahópurinn

Leikskólinn var hannaður fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára sem tilheyrður tveim deildum og aðalleikrýmið er opið og sameiginlegt. Þegar leikskólinn hafði starfað í eitt ár var byggð við lítil stofa fyrir börn yngri en 3 ára. Síðastliðinn tvö skólaár höfum við verið með mjög mörg börn undir 3 ára og var þá eina ráðið að aldurskipta á deildunum. Leikrýmið nýttist illa þar sem það hentar ekki börnum undir 3 ára. Þrátt fyrir jákvæðni og fullan vilja starfsmanna reyndist þetta fyrirkomulag mjög þungt og erfitt. Því sótti ég um fækkun barna úr 62 í 58 veturinn '18 - '19



og reyndist það til muna léttara bæði fyrir starfsfólk og börn sem höfðu mun meira rými sem hentaði þeirra aldri. Fyrir næsta skólaár sjáum við að hægt er að fara til fyrra skipulags þar sem aldur barnanna hefur breyst aftur. Fögnum við því þar sem leikrýmið mun nýtast börnunum betur.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Í Rauðaborg hefur alltaf verið unnið mikið með vináttuna. Teljum við að hún eigi að vera rauður þráður í öllu okkar starfi og viljum við ræða hana við hvert tækifæri sem gefst.

Við höfum áður útbúið Vináttumöppur fyrir hverja deild. Í þeim eru margs konar verkefni, leikir og söngvar sem tengjast vináttunni og tilfinningum. Markmiðið er að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar svo sem: gleði, sorg og reiði og að hafa sem besta stjórn á þeim.

Síðastliðinn vetur innleiddum við vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti og ætlað börnum í leikskólum. Fulltrúi frá Barnaheill kom til okkar á skipulagsdegi í september til að kynna verkefnið fyrir öllu starfsfólki en veturinn '18 fóru allir deildarstjórar á kynningu og námskeið um efnið.

Verkefnið hefur verði góð og jákvæð viðbót við það starf sem fyrir er og er orðið fastur liður í daglegu starfi leikskólans.

Afmæli Rauðaborgar

Rauðaborg varð 25 ára þann 21. febrúar. Af því tilefni mættum við öll í betri fötunum, skreyttum við leikskólann meðal annars með blöðrum. Haldin var söngstund í Kjarri þar sem við sungum m.a. afmælissönginn fórum í leiki og héldum smá dansiball. Síðdegis fengum við að sjá leiksýningu um Karíus og Baktus sem vakti mikla gleði hjá öllum eftir það fengum við svo afmælisköku í drekkutímanum.

Það er svo gaman að vera saman

Frá stofnun Rauðaborgar árið 1994 hefur alltaf verið lögð áhersla á að vinna með málörvun og íslenskt mál. Mikið af gögnum, þekkingu og upplýsingum hafa safnast saman í áranna rás.

Haustið 2017 fengum við hvatningu frá ráðgjöfum Miðju máls og læsis um að koma þessum gögnum í handbók. Þannig yrði þetta aðgengilegt fyrir aðra sem og starfsmenn Rauðaborgar. Úr varð að við sóttum um styrk í þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs sem við fengum.



Markmið með verkefninu var að:

- afla hljóðkerfisvitund, orðaforða og frásagnir með því að vera með virka íhlutun í leik og námi barna Rauðaborgar,
- gera vinnuna sýnilega og aðgengilega fyrir aðra sem hug hafa á að vinna með bernskulæsi.
- Þessu verkefni lauk nú á vorönn 2019 og má nálgast handbókina hér:
<http://www.raudaborg.is/leikskolinn/throunarverkefni-og-nam>

Fjölmenning

Fyrstu vikuna í apríl vorum við með pólska viku í leikskólanum. Í Rauðaborg eru nokkur pólsk börn og einnig er pólskur kennari hjá okkur. Slíkar vikur höfum við árlega frá ólíkum löndum. Undirbúningur er í samvinnu við börn leikskólans og foreldra erlendu barnanna. Börnin leggja fram spurningar sem þeim langar að vita um landið og lifnaðarhætti, sem foreldrarnir svara. Þeir útvega okkur ýmsa muni s.s. pólskan þjóðbúning, þjóðfánann, bækur, myndir, landakort og fl. Þessir munir liggja svo frammi í leikskólanum svo allir geta skoðað og fræðst.

Við lærðum pólskt barnalag og rifjuðum upp Meistari Jakob á pólsku en það hefur verið sungið í Rauðaborg frá því síðasta pólska vika var hjá okkur. Foreldrar komu með mat og köku sem við fengum að smakka á og í lok vikunnar eldaði kokkurinn okkar pólskan rétt sem er vinsæll hjá börnum í Póllandi.

Við höfum reynslu af því að þetta geri mikið fyrir börn af erlendum uppruna, þau fá enn jákvæðari viðurkenningu á því hver þau eru og styrkir þau sem einstaklinga. Þetta samstarf auðgar ekki síst samskiptin við foreldra barnanna.

Kveðja

Þann fyrsta júní hef ég ákveðið að ljúka störfum í Rauðaborg en ég er búin að starfa sem leikskólastjóri í Rauðaborg í samfelldu 25 góð ár eða frá stofnun leikskólans árið 1994. Ég hef notið þess að vinna í Rauðaborg í gegnum árin með frábæru starfsfólki sem á svo sannarlega hrós skilið fyrir útsjónarsemi, sveigjanleika, elju og hversu hugmyndaríkt og lausnarmiðað það er. Það er gott og dýrmætt að hafa tilheyrt slíkum starfsmannahópi. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að kynnast og vinna með dásamlegum börnum og flottum foreldrum og vil þakka ykkur öllum fyrir frábært samstarf og óska ykkur alls hins besta.



Ekki verða verulegar breytingar á starfsmannahópnum að öðru leyti. Starfsmenn hafa einsett sér að því að taka breytingum sem kunna að fylgja nýjum stjórnanda af jákvæðni og bjartsýni.

Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna

Gerð var viðhorfskönnun fyrir starfsmenn leikskóla á vegum SFS í jan / feb 2019

Tilgangurinn með könnuninni er að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfisins, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar eiga að nýtast til að bæta árangur starfseminnar og gera leikskólann enn betri bæði fyrir börn, foreldra og starfsmenn. Könnunin fór fram rafrænt

Helstu niðurstöður:

Megin þættir könnunarinnar voru: Hæfir og áhugasamir starfsmenn (4,12) árangursríkir stjórnunarhættir (4,16), starfsánægja (4,13) hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi (4,13). Meðaltal allra þessara þátta var 4,13 (hæst er 5) hækkun var í öllum þáttum frá síðasta ári. Fólki líður almennt vel í vinnunni og finnst tekið tillit til skoðana þeirra og ábendinga. Fólki finnst leikskólanum vel stjórnað og er ánægt með markmið og stefnur vinnustaðarins. Eins kemur fram að fólki finnst ákvarðanir byggja á faglegum forsendum. Þeir þættir sem skoruðu lægst voru að fólki fannst það þurfa að vinna á of miklum hraða og hafa of mikið að gera. Jafnframt er fólk tilbúið til að leggja mikið á sig þegar þörf er á og takast á við breyttar vinnuaðstæður. Upplýsingastreymi fannst fólki að mætti vera betra. Unnið verður markvisst út frá niðurstöðum könnunarinnar og stuðlað að því að bæta það sem betur má fara.

Viðhorfskönnun foreldra

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra, á vegum SFS í á vorönn 2019

Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við barnið, upplýsingaflæði og stjórnun.



Helstu niðurstöður voru:

Megin þættir könnunarinnar voru: Barninu líður vel í leikskólanum 4,55, ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum 4,69, lögð er áhersla á sjálfstraust 4,18, skólanum er vel stjórnað 4,61, Meðaltal allra þátta var 4,62 (hæst er 5). Foreldrar hafa mjög jákvæða upplifun af leikskólanum hvað líðan barnanna og samvinnu við starfsfólk. Foreldrum finnst leikskólanum vel stjórnað, telur sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og finnst viðmót starfsmanna og öll samskipti vera góð. Hvað varðar aðbúnað þá fær hann útkomu undir 4 finnst okkur líklegt að það sér vegna útileiksvæðis því fram kemur í opnum svörum nokkurra foreldra að leikskólalóðin þarfnist verulegra úrbóta. Munum við sækja um endurhönnun á garðinum hið fyrsta. Taka má fram að mjög erfitt hefur verið að fá eitthvað að gert til úrbóta þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Ákvarðanir hvað þennan þátt varðar eru ekki í okkar höndum. Við höldum samt áfram að knýja á breytingar sem auka öryggi og vellíðan barnanna í garðinum.

Viðhorfskönnun barna

Gerð var viðhorfskönnun barna í tveim elstu árgöngunum sjá, börnin fengu að gefa einkunn öllum helstu atriðum í daglegu starfi í leikskólanum. Helstu niðurstöður eru að börnin eru mjög ánægð með leikskólann sinn og allt það sem þar fer fram. Það eru þó ýmislegt sem kemur í ljós þegar þau eru spurð um einstaka þætti. Þau hafa mikla skoðun á því sem þeim finnst að betur megi fara og eiga ekki í erfiðleikum með að rökstyðja mál sitt. Tekið er mið af þessum niðurstöðum í umbótaáætlun næsta skólaárs. Einnig er tekið mið af þroska, líðan og þörfum allra barnanna í skipulagi fyrir næsta skólaár. Sjá fylgiskjal 5

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Samtölin eru í febrúar/mars ár hvert. Hver starfsmaður fær undirbúningsblað með viku fyrirvara. Leikskólastjóri og starfsmaður sitja viðtölin sem fram fara á skrifstofu leikskólans. Áætlaður tími fyrir hvert viðtal er 40 mínútur. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum sem upp koma. Deildarstjórar hafa viðtöl við starfsmenn sinnar deildar í sept/okt ár hvert. Starfsmenn fá undirbúningsblað með viku fyrirvara og áætlaður tími fyrir hvert viðtal eru 30 mínútur.



Símenntun frá síðasta ári

- ✓ **Kynning á námsefni Barnaheilla um Vináttuna** sem er forvarnarverkefni gegn einelti og ætlað börnum í leikskólum. Allir starfsmenn, 21. sept.2018 (Linda Hrönn Þórisdóttir)
- ✓ **Fyrirlestur um einelti.** Allir starfsmenn ásamt starfsmönnum hinna leikskólanna í hverfinu, 12. nóv.2018 (Vanda Sigurgeirsdóttir)
- ✓ **Fræðsla frá Miðju máls og læsis.** Allir starfsmenn, 10. maí, 2019.
- ✓ **Trúnaðarnámskeið Eflingar.** Trúnaðarmaður Eflingar, haustið 2018
- ✓ **Leiðtoganámskeið.** Deildarstjórar og leikskólastjóri, veturinn 2018 – 2019
- ✓ **Greiningarstöðin.** Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik. Deildarstjóri, 16 – 17. maí 2019.

Símenntun í leikskólanum 2019 – 2020

Menntastefnan – sjálfseflingin -

Fá fagfólk (t.d. KVAN eða sambærilegt) með námskeið/fyrirlestur á skipulagsdegi.
Hanna Halldóra með fyrirlestur um aga og samskipti 6. september 2019.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið með samstarfinu er:

- Að koma á og styrkja samstarf milli leik- og grunnskóla og skapa samfellu í námi barnanna.
- Stuðla að því að gagnkvæmur skilningur sé á störfum kennara á mismunandi skólastigum.
- Að auðvelda börnunum þær breytingar sem fylgja flutningi úr leikskóla í grunnskóla.

Áætlun vetrarins.

- Samráðsfundur kennara beggja skólastiga haustið '19.
- Heimsókn barna úr 1. bekk Selásskóla í Rauðaborg í nóvember'19.
- Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla; Kynning á skólanum, sögustund í bókasafni skólans haustið 2019
- Aðgangur að íþróttahúsi skólans á frídögum hans.
- Aðgangur að bókasafni skólans allan veturinn.



- Skólaheimsókn að vori þar sem börnin úr Rauðaborg sitja tvær kennslustundir, fara í frímínútur og borða nesti. Þau fá einnig að sitja kennslustund í tónlist og myndmennt og frístundarheimilið Víðisel er þar að auki heimsótt. Frá jan – maí'20
- Skilafundur með stjórnendum og kennurum skólanna varðandi þau börn sem eru að hefja grunnskólagöngu.maí '20

Heimahagar

Er samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Rauðaborgar og Blásala og Selásskóla í Reykjavík um nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna. Teymi kennara sem vinnur saman, miðlar reynslu og eflir fagmennsku á sviði útináms

Unnið er að því að brúa bilið milli skólastiga og efla tengsl á milli nemenda leik- og grunnskóla innan hverfis og auka vellíðan og ánægju nemenda í námi sínu.

Þetta verkefni sem byrjaði sem þróunarverkefni stuðlar að eflingu samvinnu og tengsla leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Samstarfshópur kennara í grunn- og leikskólum í Seláshverfi vinnur að sameiginlegum markmiðum um nýtingu á grenndarskógi eða *Heimahögum* skólanna. Með þessu móti er einnig verið að auka þekkingu nemenda á eigin umhverfi og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni og sögu hverfisins.

Foreldrasamvinna

Foreldraráð 3 fulltrúar eru kosnir til eins árs á aðalfundi stjórnar foreldrafélagsins.

Leikskólastjóri fundar með ráðinu 3 sinnum á skólaárinu og oftár ef þurfa þykir.

Umræður um áherslur í starfinu, starfsáætlun, mat og sumarlokun.

Foreldrafundir Fundirnir eru deildarskiptir og verða haldnir í lok september. Kynningarfundur á starfi elstu barna verður haldinn í byrjun október.

Fundina sitja deildarstjórar ásamt leikskólastjóra. Starfsáætlun kynnt og umræður um vetrarstarfið.

Við munum halda áfram að efla upplýsingastreymi til foreldra með tölvupósti og virkri heimasíðu.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru í nóvember og febrúar, foreldrar velja sér tíma sem gefnir eru upp.



Áætlaður tími fyrir viðtölin eru 20 mínútur. Hver deild fær 2 vikur fyrir viðtöl. Viðtölin fara að mestu leyti fram í undirbúningstíma deildarstjóra

Foreldrar barna í elsta árgangi fá einnig viðtal með börnum sínum í lok apríl þar sem farið er yfir stöðu barnsins áður en skilafundur er í Selásskóla

Foreldrakaffi er fyrsta fimmtudag í mánuði en bjóðum við foreldrum að stoppa við og þiggja kaffi, te eða vatn. Foreldrar fá þarna tækifæri til að hitta og kynnst félögum barna sinna og foreldrum þeirra.

Foreldrakaffið er á tímanum frá kl. 8:00 – 9:00 og kl. 15:30 – 16:30

Sérstök viðhöfn er þegar jólaforeldrakaffið er, en þá hafa börnin bakað bollur og smákökur sem settar eru á hlaðborð og boðið upp á heitt kakó. Jólaforeldrakaffið er einungis f.h. frá kl. 8:00 – 9:30

Foreldrafélag. Fimm foreldrar eru kosnir til tveggja ára í stjórn félagsins á aðalfundi stjórnar foreldrafélagsins. Stjórnin fundar ca. 1 sinni í mánuði eða eftir þörfum, samskiptin fara einnig mikið fram í tölvupósti.

Markmið foreldrafélags Rauðaborgar er að stuðla að velferð barna með því að vinna:

- að aukinni samvinnu foreldra og starfsfólks.
- að aukinni samvinnu foreldra innbyrðis um starfsemi og aðbúnað leikskólans.
- að standa að skemmtunum þar sem foreldrar og börn geta átt góða stund saman.
- að standa að fyrirlestrum og fræðslu fyrir foreldra um málefni barna.

að því að leggja hagsmunum barna lið bæði innan leikskólans og út á við (sbr. 3.gr. Starfsreglna foreldrafélaga leikskóla).



Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar

6. september 2019

14. október 2019

19. nóvember 2019 (sameiginlegur með leik og grunnskólum hverfisins)

7. febrúar 2020 (sameiginlegur með leik og grunnskólum hverfisins)

24. apríl 2020 (sameiginlegur með leik og grunnskólum hverfisins)

22. maí 2020

Starfsmannafundir verða 21. ágúst 2019 og 11. mars 2020 utan opnunartíma.



	Leikskóladagatal árið 2019 - 2020										
	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	feb.	Mars	Apríl	Mái	Júní
Skipulagsdagur		6	14	19			7		24	22	
Starfsm.fundur	21							11	x		
Foreldrafundur Börn fædd 2014		24									
Foreldrafundur Börn fædd 2015		25									
Foreldrafundur Börn fædd 2016		26									
Foreldrafundur Hreiður		27									
Starfsm.viðtöl		x					x				
Foreldraviðtöl				x			x		x		
Jólaforeldrakaffi					5						
Karлакaffi						21					
Konukaffi							21				
Hjóladaður elstu barna		x								x	
Vettvangsferðir barna f. '14		x		x				x	x		
Vettvangsferðir barna f. '15			x					x			
Íþróttahúsið Selássk.											
Jólaball					x						
Heimsókn barna frá Selássk.			x								
Sinfóniútónleikar (elstu)									x		
Vorferð elstu barna										x	
Kveðjuhátíð elstu barna										28	
Vorgleði (opið hús)									22		
Heimsókn elstu b. í Selásskóla						x					
Heimsókn elstu b. í Viðsel									x		
Sumarhátíð											x
Hreystidagur										x	
Fjölskylduhátíð											x
Slökkviliðið heimsækir börn f. '14									x		
Brunaæfing			x						x		
Gleðidagar		27	25	29		31	28	27	17	29	

Innra mat

Lyng

Talsvert var um mannbreytingar á Lynginu í vetur og Hulda deildarstjóri fór auk þess í veikindaleyfi í febrúar 2019 og er ekki komin til starfa enn þegar þetta er ritað. Þetta bitnaði að einhverju leyti á starfinu, þegar líða tók á veturinn, en allt gekk þó ljómandi vel og ekkert kom upp sem ekki var hægt að koma í réttan farveg. Unnur aðstoðarleikskólustjóri og Kannika, starfsmaður á Lyngi tóku að sér deildarstjórnina í fjarveru Huldu.

Sögugrunnur var í föstudagshópum eins og verið hefur undanfarin ár. Föstudagshóparnir byrjuðu seint og hver hópur fór ekki nema 2 sinnum í sögugrunn í vetur. Það gekk vel og hópstjórar skrifuðu niður sögurnar sem börnin bjuggu til.

Tilfinningaspjöldin voru tekin með í hvert sinn sem hópurinn fór í val eða hópastarf. Það gekk mjög vel og börnin eru mikið farin að æfa sig í að setja orð á tilfinningar sínar.

Fataherbergið. Það gekk mjög vel að fylgja nýju skipulagi. Starfsfólkið finnur líka að með því að kenna börnunum vel og gefa þeim góðan tíma að klæða sig, gengur vel.

Efniviður til listsköpunar: Börnin eru dugleg að gera sjálf og starfsfólk hefur verið duglegt að láta börnin gera sjálf. Starfsmenn vilja verða duglegri í að finna hugmyndir um hvað hægt er að gera úr óhefðbundnum efniviði og deila hugmyndum til fleiri starfsmanna. ***Fer aftur í umbótaáætlun 2019-2020***

Íþad – hefur lítið verið notaður í starfi með börnunum. Aðallega hefur hann verið nýttur til að fletta upp og skoða með börnunum. Lærum og leikum með hljóðin er gott forrit sem starfsfólk hefur notað töluvert. ***Fer aftur í umbótaáætlun 2019-2020***

Unnur og Kannika

Umbótaþættir Lyng	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmið
Gefðu 10	Nýta bækling og fræðslu um Gefðu 10	Finna þau börn sem þurfa helst á að halda og vinna með þau	Haust 2019 - vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Finna út á deildarfundum hvaða börn þurfa á Gefðu 10 að halda. Endurmat fer fram á deildarfundum, rætt hvernig gengur.	Ná til þeirra barna sem eru ekki nógu framfærin og þurfa æfingu að tjá sig og efla samskipti
Blær	Að nýta Blæ á þeim stundum sem börnin þurfa helst á honum að halda, t.d. í hvíld og ef þau þurfa huggun. Hafa stund með Blæ í hópastafi einu sinni í viku	Nýtum spjöldin úr töskunni og ræðum um tilfinningar og samkennd við börnin. Notum einnig sögubókina, nuddheftið og söngheftið	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Hópastarf og vinastundir ásamt deildarfundum notaðir til að athuga hvernig hefur tekist til.	Að allir verði færari um að setja sig í spor annarra, sýna samkennd og skilning, hugga og standa með vinum sínum.

Róleg stund fyrir hádegismatinn	Að gera rólegu stundina að meira rólegri stund þar sem öllum líður vel.	Starfsfólkið þarf að sýna festu og öryggi í því að stjórna stundinni. Vera dugleg að syngja lögin sem valin hafa verið fyrir hvern mánuð fyrir sig, spjalla saman og jafnvel lesa fyrir börnin.	Haust 2019- vor2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Samræma vinnubrögð starfsmanna. Setja niður markmið og samræma á deildarfundum, og sýna börnunum að við erum samstíga.	Að rólega stundin fyrir matinn verði ekki stund sem börnin og starfsmenn ráða illa við, heldur verði nótaleg stund þar sem hægt er að spjalla og syngja saman á meðan verið er að leggja á borð.
Efniviður til listsköpunar	Nýta betur óhefðbundinn efnivið og gera börnin og starfsfólkið meðvitaðari um notkun hans	Hafa gott aðgengi að óhefðbundnum efnivið	Haust '18 – Vor '19	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir, á svæðum og í hópastarfi	Endurmat fer fram á deildarfundum og skipulagsdögum	Að starfsfólkið sé ekki of stýrandi og að börnin séu þátttakendur í ákvarðanatöku og láti ímyndunaraflíð njóta sín.
iPad	Nýta iPad meira í starfi með börnunum, búa til sögur og nýta það námsefni sem til er í leikskólanum fyrir iPad	Nota deildarfundu til að deila þekkingu, hafa aðgengilega í hópastarfi, sögugrunni og í almennu starfi á deildinni	Haust '18 – Vor '19	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Endurmat fer fram á deildarfundum, rætt hvernig gengur	



Lauf

Fataherbergi : Við teljum börnin orðin mjög sjálfbjarga í fataklefanum. Það gengur vel að ganga frá fötunum sínum. Við teljum gott jafnvægi í fataklefa á inn og útstreymi barnanna.

Listsköpun: Við teljum börnin hafa verið dugleg að nýta þann efnivið sem er í boði. Þau eru dugleg að ná sér í efni sem er aðgengilegt og vita hvað þau vilja gera með hann. Gönguferðir hafa að nokkru leyti verið nýttar í efnisöflun til frekari úrvinnslu á leikskólanum.

TMT : Við teljum að við hefðum getað gert betur í TMT. Við byrjuðum að velja eitt tákni í mánuði en það datt síðan upp fyrir. Við höfum þó tekið okkur á að nota nafnatáknin og tákni hvers mánaðar. Við munum setja þetta áfram í umbætur fyrir næsta vetur.

Margrét

Umbótaþættir Laufið	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Tákn með tali	Börn og starfsmenn verði duglegri að nota táknið daglega og í leik	Nota nafnatáknin t.d í söngstund og fyrir matinn og í samveru. Einnig í þegar börnin eru að velja leiksvæði	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri/allt starfsfólk framkvæmir	Metið með starfsmönnum deildarinnar á deildarfundum Og hópstjórar með hópnum sínnum	Að börnin læri fleiri tákni og noti þau í daglegu starfi.
Gefðu 10	Nýta bæklinginn og fræðslu um Gefðu 10	Finna þau börn sem þurfa helst á málörvun að halda og vinna með þau	Haust 2019- vor 2020	Deildarstjóri og allt starfsfólk framkvæmir	Finna út á deildarfundum hvaða börnum þarf að gefa 10. Endurmat fer fram á deildarfundum og rætt hvernig gengur.	Finna þau börn sem þurfa á málörvun og tjáningu að halda. Einnig að þau eflist í samskiptum við börn og fullorðna.
Blær	Að nýta Blæ á þeim stundum sem börnin þurfa á honum að halda. t.d í hvíld og ef þau þurfa huggun. Hafa sérstakar vinastundir, t.d. í hópastarfi.	Nýtum spjöldin úr töskunni og ræðum um tilfinningar og samkennd við börnin. Notum einnig sögubókina, nuddheftið og söngheftið	Haust 2019- vor 2020	Deildarstjóri og allt starfsfólk framkvæmir	Deildarfundir , hópastarf og vinastundir til að athuga hvernig hefur tekist til	Að allir verði færari að setja sig í spor annarra, sýna samkennd og skilning. Hugga og standa með vinum sínum

Hreiður

Aðlögun gekk mjög vel og við gefum okkur góðan tíma til að kynnst börnunum og okkar aðalmarkmið er að öllum líði vel í leikskólanum. Erfiðasti tíminn er þegar foreldrar kveðja börnin, en börnin eru fljót að jafna sig og eru glöð yfir daginn og þau halda áfram að leika sér.

Öll börnin hafa tekið miklum framförum frá því þau byrjuðu í haust í leikskólanum. Málþroski hefur tekið kipp, félagsþroski er að aukast það er líka, með auknum þroska, sjálfstæðisbarátta í gangi og allir passa upp á sitt.

Félagsþroski er að aukast og börnin eru farin að eignast vini og farin að leika mikið meira saman - það er alveg yndislegt að sjá hvað þau eru alltaf meira og meira að leika saman. Þau eru ekki lengur bara að leika hlið við hlið heldur er samleikur að bætast inn í leikinn, taka meira eftir því hvað hinir eru að gera og gera sitt besta til að slást í hópinn og gera eins og hinir, sérstaklega ef það er eitthvað skemmtilegt og fyndið. Tala meira - þau eru farin að spjalla saman og nýta tungumálið í samleik og finna hvað það er gaman að geta tjáð sig og hinn aðilinn skilur hvað þau eru að segja. Syngja meira, sumir hættir með bleyju og dudda, skiptast á með dótið og meira og meira reyna að klæða sig sjálf.

Þau passa líka vel upp á hvort annað og oft ef einhver er að gráta, hefur kannski meitt sig, þá er það oftast en ekki einhver annar úr barnahópnum sem fer til viðkomandi og knúsar viðkomandi barn. Það er alveg yndislegt að sjá og maður sér árangur af því sem við höfum verið að leggja inn í vetur með vináttu.

STYRKLEIKAR

Markmiðin voru: málþroski, vinátta, leikurinn: könnunarleik, einingakubba, frjáls leikur og jóga.

Í hópastarfi lögð áhersla á vinnu með:

a) Málþroski

Áhersla er lögð á verkefni tengd:

Orðaforða: vinna með orðaforða sem tengist:

- fjölskyldu (nafni foreldra, afar og ömmur, afmælisdagur),
- líkamshlutum (auga, eyru, munnur, nef, magi, hné),
- mat, fatnaði, leikföngum, farartækjum o.fl. (það sem við sjáum í bókum t.d. bókinni *Fyrstu 1000 orðin*)
- litirnir,
- formin,
- tölur (til 10)
- afstöðuhugtök (ofan á, undir, inni í, upp á),
- heyrnarminni - hugmyndir úr bókinni *Bína bálreiða* – sitja kyrr, biða, hlusta, passa hendur, muna, gera til skiptis,
- talið í stuttum skýrum setningum,
- sýnið hlutina um leið og þeir eru nefndir,
- hjálpið barninu að tjá tilfinningar, þarfir og óskir með því að leggja því orð í munn eftir þörfum,

Varðandi málþroska við kenna þeim hvað hlutanir heita og kenna þeim að skilja hvað þíðir hvað. Við lesum mikið fyrir barnið á hverjum degi. Veljið bækur sem hæfa þroska barnsins. Athugið að flest börn elska að hlusta á sömu söguna aftur og aftur.

Mikilvægt er að skilgrein málörvun sé unnin í gegnum leik þess vegna við erum farið í leik sem stuðla að málörvun með barninu. t.d. dúkkuleik, boltaleik, bílaleik.

b) Hreiðrið mjög dugleg að nota táknið.

c) Vinna með þemað „**Ég sjálfur**“ sem við verðum að vinna með í vetur.

Við ræðum um hendurnar, fæturna, höfuðið og kroppurinn.

Við syngjum söngva sem tengjast líkamanum, förum í leiki og lesum bækur. Við stimplum hendurnar og fæturna þeirra og setjum þær í leikskólamöppuna.

d) Verkefni sem heitir **Lubbi finnur málbein**. Við hittum Lubba 1x í viku og höldum ótrauð áfram,

e) **Jóga**.

Jóga er góð leið til að hjálpa okkur að hafa stjórn á því sem við hugsum, því sem við segjum og því sem við gerum. Jóga skapar jafnvægi sem er frábær jarðvegur til að kynnast sjálfum sér og að takast á við áskorun og ögrandi verkefni.

Við þurfum að æfa okkur í að nota orkuna í þágu sjálfs okkar en ekki láta orku annarra stjórna okkur. Þannig losnum við, við streitu nútíma þjóðfélags.

Þegar unnið er með jóga í leikskólastarfi er mikið atriði að börnin hafi af því gleði. Í gegnum jóga öðlast börn aukna meðvitund um sjálfa sig og lífið, róa hugann og tilfinningarnar, öðlast einbeitingu, jákvæðni og það skapar jafnvægi.

Að flétta saman jóga, leiki og spuna (ímyndunarleikjum) með börnum er tilvalin leið til að skapa tækifæri til að vinna með einbeitingu, hreyfingu og slökun á jákvæðan og skapandi hátt. **Markmiðið er** að vinna með einstakling í hóp þ.e. hlustun á sjálfan sig og aðra. Í spuna er farið í leiðangur og mikilvægt að allir séu þátttakendur í sama ævintýrinu en hver á sinn einstaka hátt. Þannig þjálfast hlustun, einbeiting og samvinna.

Við vinnum með jóga sem lífsleiknileið með börnunum og einnig með vinsamlega snertingu. Við leggjum mikið upp úr vináttu, tilfinningum og að vinna með og samþætta hug, hjarta og hönd í allri starfsemi leikskólans. Það er að jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í öllu starfi.



Allir hópar fóru í jóga í vikunni. Og það er gaman að sjá hvað þau eru flest öll móttækileg fyrir því. Það eru ekki allir virkir strax, eru þau að sanka að sér þekkingu með því að fylgjast með og svo allt í einu verða þau tilbúin til að taka þátt. Og í kringum apríl eru öll börn farin að taka þátt, líka þau sem hafa meira verið áhorfendur. Það er svo gaman að sjá að þau hafa alveg verið að fylgjast með því sem hin voru að gera, því þau eru engir eftirbátar hinna í jóganu núna

f) **Könnunarleik** gengur rosalega vel fyrir alla, og þau fannst þetta er rosalega gaman. Allir koma áhugasamir inn og setjast á og strax byrja að skoða dót og mjög dugleg að leika sér.

Í gegnum könnunarleiknum öðlast börn: **einbeitingu, samskipti, gleði og virðing.**

Frá maí er könnunarleikurinn hjá okkur kominn í smá pásu og í stað þess við leikum okkur með **einingakubba**. Jógað heldur áfram og við förum í það eftir að hafa leikið með einingakubbana. Það sem gerir einingakubba um fram allt sérstaða er hugmyndafræði kubbanna sjálfra. Og þetta gekk rosalega vel.

g) **Leikir barna**

Leikur er mismunandi á milli barna en hann er sjálfvalinn, börnin sem sagt velja sér sjálf leik og stýra honum, þau ákveða hvernig hann þróast og hvernig hann endar. Börn eru mjög hugmyndarík þegar kemur að leik og leikurinn breytist oft hratt úr einu yfir í annað. Börn vilja ekki alltaf deila leikefni sín á milli eða leyfa öðrum börnum að koma inn í leik og við erum mjög oft yfir daginn að segja aftur og aftur að vinir **leika saman**: deila og skiptast á, sýna virðingu fyrir hvort öðru, læra að bíða- stundum er þetta mjög mjög erfitt, við lærum að hjálpa hvort öðru og við erum kurteis - við erum að vinna að því á hverjum degi og krakkar verða dugleg að læra það saman.

Við erum að lesa mjög oft um **Bínu bálreiða** og börn búin að læra svo margt - bara alveg eins og hún Bína. Krakkarnir æfir sig að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, gera til skiptis og muna allt sem þau hafði kennt.

h) **Blær**

Öll börn fá lítinn Blæ til eignar en hann fer ekki heim fyrr en barnið hættir í leikskólanum og mun hann verða notaður m.a í hvíldinni. Börnin geta alltaf tekið sinn litla Blæ ef þau þurfa á honum að halda en hann er ekki partur af almennu leikefni.



i) Gönguferðir

Frá og með maí eru fastar gönguferðir á dagskrá hjá öllum hópum á Hreiðrinu. Við förum í ferðir í nágrenni leikskólans, svæðið fyrir ofan skólann, lundurinn okkar sem er við enda Viðarássins, niður í Hesthús og jafnvel að Rauðavatni.

Það sem mig langar að við gerum og getum gert betur .

Þarf að bæta í starfi okkar með börnum eru hvernig við tölum við og hugsum um börnin og byggja upp traust og góð samskiptahæfni til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélaga og sýna öðrum góðvild og virðingu sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri.

Til að byggja upp traust yngstu barnanna og sakapa tengsl í leikskólanum er mikilvægt að hugsa að ýmsu, td.

- svara barninu þegar að það sýnir merki um vanlíðan strax til að byggja upp traust þess,
- tala um það sem þú ert að gera þegar þú ert að sinna grunnþörfum barnsins, s.s. við gjafir og við bleyjuskipti og herma eftir hljóðum þess og svipbrigðum,
- leika einfalda leik við barnið s.s. feluleik, klappleiki og syngja einfalda söngva fyrir það,
- búa til bók með myndum af algengum hlutum: fólki sem það þekkir, dýrum o.s.frv. nefna hluta með nafni þegar bókin er skoðuð,
- fara í stutta göngutúra um nágrennið og tala um það sem, fyrir augu og eyru ber.

Gosia



Umbótaþættir Deild: Hreiður	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmið
Málþroski	Auka skilning, tjáningu, hlustun, orðaforði, setningamyndun. Að læra að skilja einföld fyrirmæli. Að auka skilning á orsök og afleiðingu.	Skoða og lesa bækur og ræða innihaldið, setja orð á hluti og myndir, raða á myndum í atburðarröð og segja frá, afstöðuhugtök er gott að æfa í aðstæðum, hlutverkaleikur, spil og samtöl. Söngur og vísur.	Haut 2019 – vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Metið deildar-fundum og í daglegu starfi. Færni barnanna skráð á matsblöð.	Ná til þeirra barna sem eru ekki nógu framfærin og þurfa æfingu að tjá sig og kennsluæfingar henta vel til að þjálfa málskilningur og máltjáningu. Sjá: Matsblöð /fylgiskjöl.

<p>Leikurinn</p>	<p>Styðja tjáningarform barnsins og alhliða þroska barnanna. Allt er þetta unnið í gegnum frjálsan leik. Gefum leiknum góðan tíma daglega og sjáum til þess að hvert barn fái sem best notið sín í leik sínum.</p>	<p>Áhersla er á : Samskipti við börn og fullorðna, tillitsemi, hjálpssemi, þátttaka í leik og umræðum, fylgja reglum, mynda augnsamband, mynda vinatengsl, sýna sjálfstæði – stuðla að sjálfstæði þeirra, þau læri að standa með sjálfum sér og taka sjálfstæðar ákvarðanir, setja sér mörk, vera örugg í nýjum aðstæðum, deila með sér og skipta á. Börnin læra að þeim má mistakast og reyna aftur með hrósi og hvatningu.</p>	<p>Haust 2019 – vor 2020</p>	<p>Ábyrgð: deildarstjóri Framkvæmd: allir starfsmenn deildarinnar.</p>	<p>Metið deildar-fundum og í daglegu starfi. <i>Bína bálreiða</i> lesin reglulega yfir tímabilið. Færni barnanna skráð á matsblöð. Börnin hvött til að læra og gera eins og Bína í bókinni.</p>	<p>Sjá: Matsblöð /fylgiskjöl.</p>
-------------------------	--	--	------------------------------	--	---	-----------------------------------



Blær	Að nýta Blæ á þeim stundum sem börnin þurfa helst á honum að halda, t.d. í hvíld og ef þau þurfa huggun. Hafa stund með Blæ í hópastafi einu sinni í viku.	Nýtum spjöldin úr töskunni og ræðum um tilfinningar og samkennd við börnin.	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Hópastarf notað til að spjalla um tilfinningar og samkennd, vináttu og fleira sem tilheyrir verkefninu.	Að allir verði færari um að setja sig í spor annarra, sýna samkennd og skilning, hugga og hjálpa vinum sínum og félögum.
------	--	---	-----------------------	---	---	--



F. h. leikskólans Rauðaborgar

28. ágúst 2019

Unnur Hermannsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir, Æfingastöð, Heyrnar og talmeinstöð, Talþjálfun Reykjavíkur,
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	



Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka stuðning við þá sem sinna sérkennslu	Fara yfir hvernig gengur og styrkja kennara í þeirra starfi	Halda stutta fundi a.m.k. mánaðarlega vegna hvers barns	Haust 2019- vor 2020	Sérkennslustjóri	Skrá niður markmið og fara yfir hvernig hefur gengið, einnig ákveða næstu skref og skrá þau	Betri yfirsýn yfir hvert barn. Skráningar eftir hvern fund.
Efla vinnuna þeim börnum sem eru eftir á í málþroska	Auka málþroska hjá þeim börnum svo þau verði öruggari í félagslegum samskiptum	Unnið með börnin í litlum málörvunarhópum. Nota Gefðu 10 Útbúa matsblöð.	Haust 2019 – vor 2020	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Setja markmið um hvaða árangri skuli ná með með hvert barn (hvern hóp) Metið á fundi með deildarstjóra	Sjá á matsblöðum.

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Með því að benda á hluti í umhverfinu, nota TMT, nýta myndir.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Með samræðum
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Með t.d. EFI 2
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	já	Með því að ræða við börnin, endurtaka það sem þau segja, leggja inn orð þegar við heyrum að þau vantar orð. Leiðréttu börnin ef þau tala ekki rétt og kenna þeim ný orð. Nota einfaldar myndir

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla vinnuna með börnin sem eru af erlendum uppruna	Auka málþroska hjá þeim börnum svo þau verði öruggari í félagslegum samskiptum	Unnið með börnin í litlum málörvunarhóp um. Nota Gefðu 10. Útbúa matsblöð.	Haust 2019 – vor 2020	Sérkennslustjó ri og deildarstjórar	Setja markmið um hvaða árangri skuli ná með með hvert barn (hvern hóp) Metið á fundi með deildarstjóra	Sjá á matsblöðum.

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Halla Þorvarðardóttir

Hrafnhildur Vala Grímsdóttir

Þóra Jónsdóttir

Foreldraráð hefur fengið starfsáætlunina til umsagnar. Niðurstöður þeirra verða sendar sem allra fyrst.

Fylgiskjal 4 – Umsókn um B-styrk vegna vinnu við menntastefnu

Hverjar eru þær áskoranir sem talið er mikilvægt að bregðast við og af hverju?

Markmið Rauðaborgar er að vinna að því að efla sjálfsmynd og frumkvæði barnanna sem hefur í gegnum árin litað allt okkar starf. Foreldrar eru mjög sáttir með þessa stefnu og viljum við ekki að þetta starf dali. Síðustu misseri hefur verið þó nokkuð um starfsmannabreytingar og ekki hefur gefist nægur tími til að fræða og upplýsa fólk nægjanlega um þessar áherslur og viðhorf.

Allt starfsfólk Rauðaborgar tók þátt að greina áskoranir og mikilvægi verkefnisins og var sammála um valið.

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeglar þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi?

Markmiðið er að styrkja **sjálfsmynd og frumkvæði barnanna**. Stuðla að sjálfstæði þeirra, þau læri að standa með sjálfum sér og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Einnig að styrkja þau í samvinnu og samskiptum við börn og fullorðna.

Börnin mynda góð tengsl sem gera þau sterkari og efla vináttu.

Börnin læra að þeim má mistakast og reyna aftur. Þau fá að prófa sig áfram og læra þannig þrautseigju. Börnin finna að þeim sé treyst og á þau sé trúað m.a. annars með hrósi og hvatningu.

Börnin geti staðið með sjálfum sér og komið sínu á framfæri og fundið að þau geti haft áhrif.

Sjálfförugi / traust er eitt besta veganesti fyrir börnin út í lífið.

Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun.

Í september verður fræðsla um samvinnu og liðsheild.

Á haustönn verður starfsmannafundur þar sem fram fer kynning og umræður um stefnu leikskólans sem er byggð á High Scope áætluninni.

Í janúar verður fræðsla fyrir alla starfsmenn um sjálfeflingu barna.

Á vorönn verður starfsmannafundur þar sem farið verður yfir starfið og það metið.

Hvernig verður árangur verkefnis metinn?

Ígrundun allra starfsmanna á hvernig gengur með verkefnið, jafnt og þétt yfir allan veturinn.

Matslistar unnir af deildarstjórum fylltir út af öllum starfsmönnum tvisvar sinnum á hvorri önn.

Matslistar unnir af deildarstjórum sendir til foreldra einu sinni á önn. Á vorönn verða matslistar lagðir fyrir börnin í 3 elstu árgöngunum

Sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Laun: 350.000

Fræðsla: 200.000



Námsefni: 70.000

Annað: 106.000

Samtals: 726.000 kr.

Undir annað fellur m.a. vinna við gerð matslista, undirbúningur fyrir kynningu á stefnu leikskólans og að mæta einhverju óvæntu sem upp á gæti komið.

Áætlað er að fá til liðs við okkur sérfræðinga frá SFS og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.

Eru aðrar upplýsingar um verkefnið sem þú vilt koma á framfæri?




Við fögnum því að fá gott tækifæri, tíma og fjármagn til að hlúa enn betur að okkar góðu markmiðum með starfinu okkar í Rauðaborg.

Verkefnið mun verða kynnt foreldrum á foreldrafundi næsta haust.






Fylgiskjal 5 - Endurmat barna

Börn fædd 2013 - vorið 2019

			
Samverustundir	13		1
Valstundir	14		
Sögugrunnur	13	1	
Fataklefnn	13		1
Matartímar	13		1
Söngstund fyrir mat	14		
Hvöldin	11		3
Söngstund í Kjarri	14		
Markviss málörvun	14		
Lubbaverkefnið	14		
Málfundir	14		
Endurmat á leikstund	12	2	
Hjálparhendur	13	1	
Jóga	14		
Útivera	14		
Hávaði inni	1	2	11
Ferðir / söfn	13		1
Afmæli	14		
Blær – vináttuverkefni Barnaheilla	14		
Hvað er skemmtilegast í Rauðaborg			



Endurmat barna fædd 2014 – vorið 2019

			
Samverustundir	12		
Valstundir	11	1	
Sögugrunnur	11		1
Fataklefinn	6	3	3
Matartímar	11		1
Söngstund fyrir mat	11		1
Hvíldin	6	1	5
Söngstund í Kjarri	11	1	
Lubbaverkefnið	11	1	
Endurmat á leikstund	12		
Hjálparhendur	10	1	1
Jóga	10	1	1
Útivera	12		
Hávaði inni	5	1	6
Ferðir / söfn	12		
Afmæli	12		
Blær - vináttuverkefni Barnaheilla	11		1
Hvað er skemmtilegast í Rauðaborg			



Það sem börnunum finnst skemmtilegast í Rauðaborg

Teikna

Spila og púsla

Spila samstæðuspil

Spila

Spila

Teikna með krökkunum og feluleikur

Lita

Allt er skemmtilegt

Spila og sullukrókur

Bara allt

Fara í fótbolta

Leika í stóra dúkkó og öllu dótinu, líka úti

Að lita

Leika úti í feluleik

Bílaleikur

Vera úti að leika og spila

Velja svæði, sull og lita myndir

Vera út og að spila í spilakrók

Syngja

Að leika saman

Að leika í leikstund – holukubbar.

Að leika með holukubbana

Að spila og leika við vinkonu mína

Að vera í segulkubbunum

Að vera úti

Að kubba í mjúku/stóru legókubbunum

Að spila og læra að gera verkefni og syngja.

Skemmtilegt að leika á sumrin og með bangsana

Skemmtilegast í holukubbunum. Og líka skemmtilegt að leika í smellukubbum og púslkubbunum.

Að leika með dúkkur. Litla dúkkó, spila, kubba. Ekki sérstakt að leika úti í rigningu.

Skemmtilegast að leika með legó

Skemmtilegast í Rauðaborg er að vera í segulkubbunum. Það er líka gaman að vera úti að leika og mig langar að fá öðruvísi kastala.



Samverustund: Skemmtilegt að gera gátur
Valstundir: Gaman að byggja draugahús úr holukubbum
Matartímar: Pasta er besti maturinn
Lubbaverkefnið: Gaman að klappa lubba
Jóga: Skemmtilegast að gera fiðrildi
Útivera: Gaman að renna
Ferðir/söfn: Skemmtilegast að fara í húsdýragarðinn
Afmæli: Mottudans er skemmtilegastur

Samverustundir: Þegar farið er í leiki
Matartímar: Gaman að spjalla saman
Jóga: Gaman að gera tréð
Útivera: Skemmtilegast að róla og moka
Ferðir/söfn: Gaman að skoða
Afmæli: Skemmtilegast að fara í leiki

Fataklefinn: gaman að fara í strigaskó
Söngstund fyrir mat: Gaman að syngja “Ég segi stopp”
Hvöldin: Gott að sofna
Lubbaverkefnið: Gaman að halda á Lubba
Jóga: Skemmtilegast að hlusta á slökunarsöguna
Hávaði inn: Þá verður mér illt í eyrunum
Ferðir/söfn: Húsdýragarðurinn skemmtilegur
Afmæli: Mottudans skemmtilegastur
Blær: Gott að kúra með hann

Samverustundir: Skemmtilegast að hlusta á sögur
Matartímar: Gaman að borða allan góða matinn
Söngstund fyrir mat: Gaman að syngja
Hvöldin: Gaman þá fæ ég að hvíla mig
Söngstund í Kjarri: Gaman að syngja með öllum krökkunum
Fataklefinn: Óþægilegt þegar það eru læti.
Lubbaverkefnið: Gaman að syngja Lubbavísurnar



Útivera: Gaman að moka

Hávaði inni: Það er óþægilegt, verð leið í hjartanu

Afmæli: Gaman að dansa

Samverustundir: Skemmtilegast að hlusta á sögur

Fataklefinn: Ekki gaman að klæða mig

Matartímar: Ekki gaman að bíða eftir matnum

Hvíldin: Ekki gaman þegar „kennarinn“ tekur Blæ

Jóga: Skemmtilegast að gera ljónið

Ferðir /söfn: Gaman að fara í bókasafnið

Val: Sullukrókur skemmtilegastur

Fataklefinn: Stundum þröngt og þá verð ég pirruð inn í mér

Matur: Hakk og spaghetti best

Hvíldin: Gott að fara í hvíldina þá slaka ég svo mikið á

Markviss málörvun: Búðarleikurinn skemmtilegur

Hjálparhendur: Glöð að hugga Ármann ef hann meiðir sig

Jóga: Þríhyrningur er tré. Gott að hlusta á sökunar söguna

Hávaði inni: Líður ekki vel þegar er hávaði inni sem er stundum

Ferðir/söfn: Ásmundarsafn skemmtilegast, gaman að klifra í styttunum og búa til stytur

Hefur lært að vera góð og hugrökk í Rauðaborg.

Samverustundir: Gaman þegar allir eru að hlusta. Lesa er gaman

Val: Gaman úti þegar gott veður er og í hlutverkakrök

Sögugrunnur: Stundum erfitt að enda sögurnar

Matartímar: Finnst gott að borða – pastasúpa uppáhald

Hvíldin: Gott að fara í hvíldina en truflast ef e-r kemur í húsið

Markviss málörvun: Mjög skemmtilegt – Búðarleikur og Tröllævintýrið.

Lubbaverkefnið: Gaman að klappa Lubba

Jóga: Gott og notalegt. Erfitt að standa á öðrum fæti en er skemmtilegt.

Hávaði inni: Er stundum og þá líður mér ekki vel en við getum lagað það með því að nota inniröddina

Ferðir/söfn: Ásmundarsafn - skemmtilegast að skoða stytturnar og fara upp í kúluna

Vinastundir: Gaman og notalegt að hafa Blæ

Hef lært að nota inniröddina í Rauðaborg



Má breyta því að krakkarnir hætti að lemja

Val: Úti skemmtilegast og einingakubbar – búa til hús

Fataklefinn: Mátulega margir krakkar verða að vera í einu

Matartímar: Pylsur og pasta best

Söngstund: Fór ég niður í fjöru uppáhalds

Markviss málörvun: Gaman að ríma

Lubbaverkefnið: Allt skemmtilegt

Jóga: Tré er erfitt

Útvera: Skemmtilegast að renna sér

Hávaði inni: er stundum þá höfum við gleymt inniröddinni og þá líður mér ekki vel

Ferðir/söfn: Skemmtilegast í Ásmundarsafni, skemmtilegast að sjá Vatnsberann

Samverustundir: Gaman að gera þrautir, gátur og alls konar

Val: Skemmtilegast í sullukrók ef hann er opinn og út og spil

Sögugrunnur: Stundum er ég svolítið feimin og þá er svolítið erfitt að segja sögu

Matartímar: Píta og pasta best

Söngstund fyrir mat: Fór ég niður í fjöru

Hvíldin: Leið þegar einhver truflar mig

Markviss málörvun: Búðarleikur og ríma skemmtilegast

Lubbaverkefnið: Skemmtilegast að finna orðin við hljóðið

Jóga: Fugl og tré skemmtilegast, erfitt að halda jafnvægi

Útvera: Skemmtilega – gaman þegar er sumar og tína blómin

Ferðir/söfn: Gaman í Náttúrusafninu og taka myndir af dýrunum

Vantar kannski gráan lit.

Samverustund: Gaman að hlusta

Val: Einingakubbar, skemmtilegt að búa til lest

Matartímar: Pasta með grænmeti best

Söngstund fyrir mat: Danska lagið skemmtilegt

Hvíldin: Gott að sofa

Jóga: Skærin skemmtileg æfing, ekkert erfitt í jóga. Geri oft jógaæfingar heima. Sýni mömmu og pabba og vinum mínum.

Blær: Gott að knúsa Blæ. Verð leiður ef enginn vill leika við mig. Kennararnir hjálpa mér



Val: Finnst skemmtilegast í hlutverkakrók, málningarkrók og sullukrók. Hann er bestur

Sögugrunnur: Sumir eru stundum ekki að hlýða þar.

Matartímar: Mér finnast kjötbollur bestar

Söngstund fyrir mat: Gaman að syngja. Það er líka gott að spjalla.

Hvöldin: Stundum eru læti í hinni hvöldinni ef þau eru að tala eða gráta en ég truflast ekki.

Markviss málörvun: Langt síðan við fórum síðast í markvissa málörvun, erum við hætt í henni?

Lubbaverkefnið: Það má aldrei hætta

Hjálparhönd: Gefum hjálparhönd þegar einhver dettur og meiðir sig.

Jóga: Gera æfingar

Útivera: Gott að vera úti í sólinni

Hávaði: Enginn hávaði. Strákarnir smá, eru kannski með unglingaveikina.

Ferðir: Gaman í Húsdýragarðinum, er svo vön dýrum en var samt hrædd við slönguna.

Blær: Glöð að Blær kom til okkar. Ég er smá stressuð að fara í Selásskóla því þar eru ókunnugir kennarar. Ætla að hafa Blæ með mér í skólatöskunni til að knúsa.

Fataklefi: Gott að tala og klæða sig á sama tíma.

Matartímar: Þeir eru fínir. Maturinn er fínn nema þegar hann stingur í hálsinn (fiskibollur og kjötbollur gera það)

Lubbaverkefni: Skemmtilegt að vara með Lubba.

Hjálparhönd: Enginn hjálpar mér en hann ég hjálpa alltaf öðrum.

Útivera: Skemmtileg. Oft að kenna hinum leiki, t.d. hákarleik.

Hávaði: Alltaf hávaði inni á deild en best er að ég get stoppað hávaðann.

Hvöldin: Er að reyna að hætta að trufla í hvöldinni.

Lubbaverkefni: Gengur illa að finna nöfn í Lubbaverkefninu, en samt er skemmtilegt.

Hjálparhönd: Ég gef öðrum hjálparhönd en enginn gefur mér hjálparhönd.

Jóga: Skemmtilegt að slaka á og finna einbeitinguna.

Útivera: Gott að fara í sólbað á góðum degi.

Fataklefi: Stundum hávaði

Valið: Hlutverkakrókur er skemmtilegastur

Maturinn: Fiskibollur og kjötbollur eru bestar.

Hvöldin: Stundum er ég leiður, koddinn og teppið trufla mig, en það er gott að sofna.



Söngstund í Kjarri: Skemmtileg en stundum er sungið hátt. Gott að knúsa systur mínar í söngstund.

Lubbaverkefni: Gaman að finna orðin

Jóga: Tréð er erfitt og báturinn er auðveldur.

Ferðir: Ásmundarsafn var skemmtilegast að heimsækja.

Blær: Vinastundin er stundum skemmtileg en stundum er erfitt að tala um myndirnar á spjöldunum, t.d. þegar einhver var með lítið af kubbum og einhver var með mikið.

Val: Málningarkrókur skemmtilegur að mála álfadís.

Matartímar: Pasta er best.

Söngstund fyrir matinn: Eldurinn er skemmtilegastur

Útivera: Leið þegar það er rigning en samt er gaman að hoppa í pollum.

Markviss málörvun: Mjög gaman. Að ríma er skemmtilegast

Lubbaverkefni: Gaman að finna orðin.

Hjálparhendur: Líður vel þegar einhver hjálpar mér. T.d. í hjólaferðinni.

Jóga: Gaman að gera bátinn, en erfitt að gera tré.

Hávaði inni: Stundum er hávaði inn, þá gleyma krakkarnir inniröddinni.

Ferðir: Gaman að skoða stytturnar á Ásmundarsafni. Vatnsberinn er uppáhalds stytta.

Blær: Mjög gaman í vinastund – tala saman og skoða spjöldin.

Það má kaupa meira af perlum, og alla liti sem eru til.

Samverustund: erfitt þegar eru læti, þá verð ég þirruð inn í mér.

Fataklefi: Erfitt því þá eru sumir að hvísla hver að öðrum.

Matartími: Þegar „kennarinn“ fer eru allir með læti.

Hvöld: Erfið stundum.

Ferðir / söfn: Leiðinlegt því maður labbar svo mikið og verður þreyttur.

Hjálparhönd: Gaman því vinur minn hjálpar mér.

Útivera: Skemmtileg – hjóla, róla og renna.

Hávaði inni:

Hvöld: Þægileg.

Hávaði inni: Ferðir / söfn: Barnamenningarhátíð skemmtilegust.

Samverustundir: Gaman að lesa



Val: Hlutverkakrókur er skemmtilegastur
Fataklefinn: Get klætt mig sjálfur
Matartími: Það er góður matur.
Söngstund: Við syngjum í söngstundinni
Hvöldin: Stundum er einhver að trufla
Lubbaverkefni: Gaman að knúsa Lubba
Skemmtilegast að leika með legó
Útivera: Ekki gaman þegar það er vont veður
Hávaði: það er ekki mikill hávaði inni.
Jóga: Skemmtilegast í útjóna
Ferðir: Gaman að sjá beinagrindurnar.
Blær: Hann er mjúkur, fínt að skoða myndirnar og nudda.

Samverustund: Leiðinlegt ef krakkar eru óþekkir
Val: Skemmtilegast í hlutverkakrók og sullukrók.
Matartími: Vont þegar súpan er brennandi heit.
Hvöld: Ekki gott þegar aðrir krakkar trufla.
Söngstund: Gaman að sitja hjá vinkonu minni
Hjálparhendur: Gott að gera sól í bakið.
Jóga: Skemmtilegast að gera kisuna.
Útivera: Gaman að leika við alla.
Ferðir: Gaman að fara í strætó.
Blær: er góður.

Skemmtilegast að spila og læra að gera verkefni og syngja.
Samverustund: Best að sitja við hliðina á kennaranum.
Val: Skemmtilegast í sullukrók
Sögugrunnur: Leiðinlegt ef vondi kallinn tekur prinsessuna og setur hana í fangelsi.
Matartímar: Fiskur er bestur, mér finnst ekkert vont.
Söngstund: Skemmtilegt að syngja Búddi fór í bæinn.
Hvöld: Gott að sofa.
Söngstund í Kjarri: Gott þegar ég er ekki trufluð af krökkunum við hliðina á mér.
Lubbaverkefni: Löggin eru skemmtileg.
Hjálparhönd: Gott að gera sól í bakið.



Jóga: Skemmtilegast að gera hvalinn, hundinn, ljónið, kisuna og örninn.

Útivera: Skemmtilegast að fara í rennibrautina í rigningu. Leiðinlegt þegar einhver truflar í rennibrautinni.

Hávaði: Leiðinlegt ef það eru mikil læti.

Ferðir: Skemmtilegt að fá piparkökur með kremi.

Afmæli: Gaman að dansa

Blær: Sætur og kennir manni að hugga.

Vil ekki fara inn á deild eftir samverustund.

Sögugrunnur: Góður vegna þess að allir eru að hlusta.

Fataklefinn: Finnst leiðinlegt að fara í pollaföt.

Matartími: Súpa, maturinn er góður. Gott að sitja hjá kennaranum í matartímanum.

Söngstund: Gott að lesa fyrst og syngja svo.

Hvöld: Ekki of gaman í hvöldinni. Get ekki sofnað, tónlistin truflar.

Lubbaverkefni: Skemmtilegt, gaman að leita að beinunum.

Hjálparhönd: Æðislegt að gefa sól í bakið.

Jóga: Gott að vera passlega lengi í jóga.

Útivera: Skemmtilegast að hjóla.

Hávaði: Leiðinlegt þegar er hávaði. Set stundum puttana í eyrun þegar er hávaði.

Afmæli: Gaman í afmælum.

Blær: Hann er góður og er að reyna að láta okkur sofna. Kennarinn á mömmublæ af því hún er stelpa.

Samverustund: Gaman þegar verið er að lesa

Val: Best að velja út og gaman að leika við aðra krakka og róla og renna og sullukrók því það er gaman að leika í vatninu.

Sögugrunnur: Erfitt í sögugrunni því það þarf að bíða svo lengi.

Fataklefinn: Erfitt í fataklefanum ef það er rigning þá er maður svo lengi að klæða sig í. Það er gott að fá hjálp og stundum þarf ég meiri hjálp.

Matartími: Allt gott sem er í matinn.

Söngstund: Mér finnst leiðinlegt að syngja fyrir matinn en finnst gaman að syngja einn.

Hvöld: Hvöldin er oft svo lengi, erfitt að lúlla svona lengi.

Lubbaverkefni: Gaman í Lubbastund að velja lubbaspjöld og þegar við felum beinin.

Hjálparhönd: Sumir krakkar vilja ekki hjálpa.



Jóga: Erfitt í jóga því æfingarnar eru erfiðar.

Hávaði: Stundum er mikill hávaði inni.

Ferðir: Langar að fara á Hákarlasafn og skoða hákarla

Afmæli: Gaman að dansa í afmælum.

Blær: Erfitt því við erum svo lengi í stundinni.

Flytja litlu rennibrautina í annan leikskóla og við fáum nýja og risastóra rennibraut í staðinn. Hafa allt dót í stóra garðinum þannig að maður þurfi ekki að fara bak við hús.

Samverustund: Fara stundum í leiki, ekki alltaf bara lesa.

Val: Stundum erfitt að sitja kyrr í valstund og hlusta á krakkana. Skemmtilegast að fara út í rennibraut og leika í sandinum.

Fataklefinn: Fæ oftast hjálp ef ég get ekki.

Matartími: Uppáhalds maturinn er pasta

Hvíld: Hvíldin er lengi og leiðinlegt að vera í hvíldinni.

Söngstund: Gaman að syngja með öllum krökkunum.

Lubbaverkefni: Gaman að syngja lögin.

Jóga: Erfitt að halda jafnvægi.

Söngstund: Læti í söngstund fyrir matinn og í Kjarri.

Samverustund: Gaman að hlusta. Stundum er einhver að trufla.

Val: Öll svæðin eru skemmtileg.

Hópastarf: Ekki gaman að klippa í hópastarfinu.

Fataklefi: Vont þegar aðrir öskra í fataklefanum, þá eru læti.

Matartími: Ég vil fá oftar venjulegt brauð í drekkutímanum.

Hvíld: Erfitt að sofna.

Lubbastund: Sum lögin eru erfið.

Jóga: Jógabókin er skemmtileg og gaman að gera æfingar.

Hávaði: Hávaði úti en lítill hávaði inni.

Ferðir: Gaman að fara í ferðir.

Afmæli: Skemmtilegt að halda afmæli og dansa, líka gaman þegar Mussie átti afmæli.

Blær: Skemmtilegt að skoða myndirnar.

Hjálparhendur: Ég hugga vini mína þegar þeir eru leiðir.



